b) Hinn pósturinn fer frá *Grenjaðarstað* undir eins eptir að Seyðisfjarðarpósturinn er kominn þangað frá Akureyri; fer um *Húsavík*, *Skinnastaði*, *Presthóla*, *Raufarhöfn*, *Svalbarð* í Þistilfirði og *Sauðanes* til *Vopnafjarðar;* snýr þaðan aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl; þó bíður hann Múlasýslupósts. 6

12. MÚLASYSLUPÓSTARNIR eru tveir:
a) Fer annar frá *Höfða* í Vallahreppi undir eins og Seyðisfjarðarpóstur er kominn þangað frá Akureyri um *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Höfða.*
b) Hinn pósturinn fer frá Eskifirði þegar eptir komu póstsins þangað frá Bjarnanesi, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í Stöðvarfirði, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, ef veður leyfir.

13. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Breiðabólsstað* að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólsstað. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólsstað, að hún komizt á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

14. ÁRNESSYSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði,* svo fljótt sem unnt er, eptir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík.
a) Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeiðum,
b) annar að *Arnarbæli* í Grímsnesi,
og snúa báðir þessir póstar þegar aptur að Hraungerði.
c) Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrarbakka,* og snýr þaðan aptur morguninn eptir að Hraungerði.

Reykjavík, 23. febr. 1888.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
*Magnús Stephensen.*

*Jón Jensson.*

**Brjef landshöfðingjans** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald á styrk veittum þurfamanni til Ameríkuferðar.**—Með þóknanlegu brjefi 11. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef frá sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu, með 8 fylgiskjölum, og áfrýjar hann til mín í brjefi þessu, eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, úrskurði yðar, dags. 29. nóvbr. f. á., en með honum var ákveðið, að 366 kr. styrkur, er Daníel nokkur Grímsson hafði fengið úr fátækrasjóði Vatnsleysustrandarhrepps vorið 1885, til þess að geta flutzt þaðan með fjölskyldu sinni til Vesturheims, ekki gæti álitizt löglega veittur sveitarstyrkur, er Vatnsleysustrandarhreppur gæti krafizt endurgjalds á frá framfærslusveit Daníels, sem er viðurkennt að sje Reykholtsdalshreppur í Borgarfjarðarsýslu. 7 16. jan.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að ofangreindur styrkur sje þess eðlis, að hann hafi eigi að lögum getað verið veittur sem sveitarstyrkur, og að Reykholtsdalshreppi, sem framfærsluhreppi hlutaðeiganda, geti því eigi orðið gjört að skyldu að endurgjalda dvalarhreppnum, Vatnsleysustrandarhreppi, slíkan styrk.

**Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um styrk til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla.** — Út af fyrirmælum hinna núgildandi fjárlaga í 10. gr. C 4, c, um styrk til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að annast um, að bænarskrár um styrk þennan verði komnar ásamt með tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda svo tímanlega til yðar, að þær verði fram lagðar á næsta aðal- 8 31. jan.